

6. gr.

Föst mánaðarlaun skulu miðast við 40 stunda vinnuviku. Afleysingamenn skulu hafa fæði og húsnæði endurgjaldslaust hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum þar. Einnig greiðir búið ferðakostnað og yfirvinnu sem samið er um.

Heimilt er að framlengja dvöl afleysingamanns á búi þegar tilskilinni þjónustu er lokið ef hans er ekki þörf annars staðar, enda greiðir þá viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins. Slík ráðning skal þó vera ótímabundin ef þörf er á aðstoð annars staðar, t.d. í bráðum veikinda- eða slysatilfellum. Þá er stjórn forfallaþjónustunnar heimilt að taka upp samvinnu um skipulag og ráðningu starfsmanna við almenna afleysingaþjónustu sem rekin er á vegum samtaka bænda eða hóps bænda.

7. gr.

Bóndi er stundar búgrein sem hætt hefur þátttöku í forfallaþjónustunni samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 41/1990 á rétt til forfallaþjónustu í samræmi við ákvæði 3. gr., enda hafi hann staðið skil á gjaldi til forfallaþjónustunnar af framleiðslu sinni á undangengnu 12 mánaða tímabili.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 35 29. maí 1992 um forfallaþjónustu í sveitum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum nr. 422 11. október 1979.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. desember 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu 33 kV jarðstrengs frá aðveitustöð á Sauðárkróki að greinipunkti í Viðvíkurhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið þann 30. desember 1992 staðfest legu 33 kV háspennustrengs frá aðveitustöð á Sauðárkróki að greinipunkti í 11 kV Hofsóslínu (Hjaltadalsálma) í landi Kýrhólts í Viðvíkurhreppi.

Uppdráttur fyrir legu háspennustrengsins hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19, 21. maí 1964 mæla fyrir um og verið samþykktur af bæjarstjórn Sauðárkróks og sveitarstjórnnum Skarðshrepps, Rípurhrepps og Viðvíkurhrepps sem og hlotið samþykki skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfissráðuneytið, 30. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.